

## Fundargerð símafundar svæðisráðs vestursvæðis 30.06.14

Mættir: Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Ástvaldur Guðmundsson, Erla Ívarsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir og Snorri Baldursson. Forföll: Karl Ölvirsson.

### 1. Breytingar á skipan svæðisráðs í kjölfar sveitarstjórnarkosninga

Eygló upplýsti að sveitarstjórn Skaftárhrepps hefði tilnefnt til umhverfiráðuneytisins nýjan fulltrúa í svæðisráð vestursvæðis, Heiðu Guðnýju Ásgeirsdóttur, bónda, Ljótastöðum.

### 2. Skaftárstofa – upplýsingamiðstöð

Eygló og Snorri kynntu nýjan samstarfssamning Skáftárhrepps, Vatnajökulspjóðgarðs, Friðar og Frumkrafta, Kirkjubæjarstofu og Skaftárelða ehf. um rekstur Skaftárstofu – upplýsingamiðstöðvar. Þjóðgarðurinn tekur við við faglegum rekstri, þ.e. mannhaldi, stofunnar. Á móti hefur Skaftárhreppur ráðist í endurbætur á húsnæðinu sem það leggur til endurgjaldslaut, ásamt fastakostnaði og þrifum. Friður og frumkraftar leggja fram fjármagn ásamt gögnum og gsm posavél vegna reksturs bókunarþjónustu. Aðrir aðilar samningsins leggja til upplýsingarefni og ráðgjöf.

### 3. Vonarskarð

Snorri fór yfir málið sem snýst um umferð farartækja um Vonarskarð og hefur verið til umræðu innan svæðisráðs og stjórnar frá upphafi þjóðgarðs. Nú þarf að taka afstöðu til stjórnsýslukæru hjólreiðamanna í kjölfar 2. útgáfu Stjórnunar- og verndaráætlunar 2013 og skila greinargerð til umhverfiráðuneytisins vegna þess. Stjórn hefur af því tilefni ákveðið að blása til vettvangsferðar í Vonarskarð og afgangið erindið í kjölfar hennar.

Ákveðið var að fresta efnislegri umræðu um málið þar til að lokinni vettvangsferð sem margir svæðisráðsmenn lýstu áhuga á að taka þátt í. Helgin 9.-10. ágúst virðist henta fleirum betur. Snorri tali við LV um að fjarlægja gamlan varnargarð í Vonarskarði.

### 4. Framkvæmdir sumarið 2014

Snorri fór yfir fyrirhugaðar framkvæmdir í sumar. Þar ber hæst nýtt salernishús í Eldgjá, í stíl við viðveruhús sem þar var reist í fyrrasumar, útsýnispallur við Ófærufoss og áningaraðstaða ferðamanna við Langasjó sem samanstendur af salerni, viðveruhúsi, palli og skjólveggjum. Þjóðgarðurinn fékk Ástvald Guðmundsson í lið við sig til að stika og merkja áhugaverða ferðamannaleið um Tungnaáröræfi með viðkomu í gígnum Mána, Heljargjá og við klettadranginn Dór. Áfram verður unnið að merkingum, m.a. uppsetningu fræðsluskilta og varúðarskilta vegna leiðanna um Blautulón og með norðurbakka Langasjávar.

### 5. Skilaboð til stjórnar – EK/SB

Stjórn þjóðgarðsins hefur boðað fund með sveitarstjórn Skaftárhrepps 01.07.17; kl 10:00. Svæðisráð vestursvæðis leggur áherslu á að halda þekkingarsetursverkefninu áfram í sama farvegi og það var komið í fyrir ríkisstjórnarskipti. Nú liggur fyrir frummatsskýrsla stýrihóps um verkefnið. Mikilvægt er að allir aðstandendur þess, sveitarstjórn, svæðisráð og stjórn þjóðgarðsins tali einum rómi og leggist á eitt um að afla verkefninu pólitísks fylgis á ný.

Kári Kristjánsson fer á eftirlaun að hálfu síðla hausts eða í árslok 2014. Í framhaldinu er líklegt að starfsvettvangur hans innan þjóðgarðsins breytist. Sú staðreynd ásamt yfitöku faglegrs reksturs Skaftárstofu kallar á nýtt blóð. Svæðisráð mælir með því að auglýstar verði tvær stöður á vestursvæði frá og með næstu áramótum; staða aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar og staða umsjónarmanns Skaftárstofu.

Fleira ekki gert, fundi slitið 15:45. SB